


VÍÐIDALSÁ 1992
Bráðabirgðaskýrsla

ATH Tumi Tómasson
Bjarni Jónsson

Janúar, 1993

VMST-N/93005

Eintak
Bókasafns
VMST-N/93005



VEÐIMÁLASTOFNUN
Norðurlandsdeild

VEÐIMÁLASTOFNUN
Bókasafn

VÍÐIDALSÁ 1992

INNGANGUR

Seiðastofnar Víðdalsár og Fitjár voru kannaðir með rafveiðum 20.-23. júlí 1992. Þetta er heldur fyrr en oft áður og má gera ráð fyrir að seiði hafi enn átt eftir nokkrar vikur í vexti. Smáseiðasleppingar eru sérstaklega mikilvægur þáttur í ræktunarstarfinu og því er einnig sérstaklega fylgst með afkomu sleppi-seiða í rafveiðunum. Jafnframt tók Norðurlandsdeild Veiðimálafstofnunar þátt í seiðasleppingum í Víðidalsá seinni hluta júní og aftur mánuði seinna í Víðidalsá og Fitjá.

Bjarni Jónsson frá Veiðimálafstofnun annaðist rafveiðarnar vann að úrvinnslu gagna og tók þátt í seiðasleppingunum. Honum til aðstoðar var Jón Örn Pálsson.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA Á LAXGENGUM SVÆÐUM

Alls var rafveitt á 5 stöðum á laxgenga hluta Víðdalsár og á 9 stöðum í Fitjá. Reynt var að veiða á sem næst sömu stöðum og á undanförunum árum. Staðsetning veiðistaða er sýnd á Mynd 1. Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 1 og á Myndum 2 og 3.

Víðidalsá

Seiðin á þeim stöðum þar sem uppeldisskilyrði eru best, þ.e. staðir 5, 8 og 10 voru almennt í góðum holdum. Þó eru öll seiði á laxgenga svæðinu enn fremur smá eftir aldri, einkum 0+ og 1+ seiðin. Þetta stafar fyrst og fremst af köldu árferði. Því smærri sem seiðin eru því háðari er vöxtur þeirra vatnshitanum. Holdafar seiðanna bendir til að fæðuframboð sé ekki verulaga takmarkandi þáttur fyrir vöxt þeirra.

Það er enn of snemmt að segja til um styrkleika 0+ árgangsins, en þéttleiki seiða af öðrum árgöngum er svipaður nú og var árið 1991. Svo virðist sem gönguseiðaaldur hafi eitthvað aukist milli ára en rafveiðarnar benda ekki til að mikið af seiðum hafi setið eftir í ánni vegna kuldanna í júní-júlí, en þetta getur verið misvísandi því aðstæður til veiða voru erfiðar dagana sem athugunin fór fram, kallt og hvasst.

Flest bendir til að gönguseiðaframleiðsla á laxgenga hlutanum sé ekki mjög skilvirk og kallt áferði 1992 gæti boðað frekari minnkun í gönguseiðaframleiðslu.

Fitjá

Með rafveiðunum 1992 fékkst frekari staðfesting á að nýjir árgangar hafa ekki nema að takmörkuðu leiti komist á legg á efsta svæðinu, þ.e. í gilinu fyrir framan Fremri Fitja, undanfarin tvö ár. Þetta orsakaði góða afkomu eldri seiða og gera má ráð fyrir að gönguseiðaframleiðsla svæðisins hafi verið mjög góð 1991 og 1992. Næsta vor lítur einnig út fyrir að framleiðsla gæti orðið með betra móti, en síðan tekur lítið við, jafnvel þótt klakið frá 1992 eigi eftir að koma fram. Það er því nauðsynlegt að grípa til seiðasleppinga á þessu svæði næsta sumar til að ekki komi of stórt skarð í gönguseiðaframleiðsluna þar. Það er einnig mikilvægt að viðhalda góðri nýtingu á ólaxgenga svæðinu fyrir framan Bjarnafoss.

Neðar í ánni eru seiðin fremur smá miðað við aldur og þar stefnir allt í lengingu ferskvatnsdvalar og minnkandi gönguseiðaframleiðslu á næstu árum nema til komi nýliðunarbrestur eða óvenju gott árferði. Ég tel mjög mikilvægt að reyna að halda hrygningarstofninum í skefjum neðan til í ánni á næstu árum.

ÁSTAND SEIÐASTOFNA Á ÓLAXGENGUM SVÆÐUM

Uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði á ólaxgengum svæðum eru víða mjög góð og stærð slíkra svæða er mun meiri en í ánum í kring. Það er ekki síst verulega aukinni framleiðslu á þessum svæðum að þakka að aukning í smálaxagengd varð svo miklu meiri í Víðidalsá en í ánum í kring sumarið 1992.

Alls var rafveitt á 5 stöðum í Víðidalsá, 2 í Fitjá og á 5 í Kambsá. Staðirnir eru merktir inn á kort (Mynd 1) og niðurstöður rafveiðanna teknar saman í Töflu 1 og á Mynd 2.

Víðidalsá

Árlega er sleppt smáseiðum á svæðið fyrir framan Kolugljúfur. Fyrir ofan fossinn er malarbotn og áin fremur hallalítil. Þarna eru uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði ekki sérlega góð, en eftir því sem ofar dregur verður botngerðin grófari og búsvæði fyrir laxaseiði batna.

Þótt einhver kaflaskil séu í ánni má segja að þegar komið er fram undir Hrappstaði séu skilyrði fyrir laxaseiði góð og þar fyrir framan er bothgerð í flestum tilvikum ákjósanleg. Í gilinu frá Yxnárfossi og fram að fossum þar sem gilið endar er áfarvegurinn þó víða þröngur, áin straumpung og skóllítil klöpp í botni. Einnig ber að hafa í huga að eftir því sem ofar dregur verður hitafar árinna óhagstæðara og vaxatímabil seiða að sumrinu styttest. Þó eru uppeldisskilyrði á þessu svæði í heildina mjög góð og nýting þessa svæðis er að mínu mati lykilatriði í ræktunarstarfinu.

Á undanfórnum árum hafa smáseiðasleppingar á þessu svæði fyrst og fremst takmarkast af hve miklu hefur verið ráðstafað til sleppinganna. Svæðið í heild getur borið meiri ásetning en verið

hefur á undanförnum árum, einkum ef seiðin sem sleppt eru eru vel væn. Þess ber þó einnig að geta að því dreifðari sem sleppingararnar eru, því hlutfallslega betur skilar sleppingin sér og ef smáseiðasleppingar eru of miklar getur dregið úr heildargöngu-seiðaframleiðslu svæðisins.

Á undanfórnum árum hefur seiðum verið sleppt annað hvert ár frá Hrappstöðum og fram að Yxná og hin árin á svæðið þar fyrir framan, venjulega rétt fram fyrir fossana. Fyrir ofan fossana breiðir áin aftur meira úr sér og þar eru mjög góð búsvæði fyrir laxaseiði, einkum þegar komið er nokkur hundruð metra fram fyrir fossana.

Í lok júní var sleppt 15000 seiðum á svæðið frá Yxná og fram fyrir fossana. Seiðin voru mjög væn miðað við árstíma enda höfðu vænstu seiðin í eldisstöðinni verið flokkuð úr til þessara sleppinga. Mánuði síðar var aftur sleppt 15000 seiðum í Víðidalsá. Þá var sleppt enn framar, á um 6 km kafla og endað fyrir ofan næsta foss sem heimamenn kölluðu Kjálkafoss. (Það ríkir einhver óvissa hjá okkur á Veiðimálastofnun um hvaða foss það er sem heitir Kjálkafoss. Við höfum staðið í þeirri meiningu að sú nafnagift ætti við fossana sem eru u.þ.b. 5 km fyrir framan Yxná.) Þessi seiði voru frekar rýr og þau báru þess greinileg merki að þeim hafði ekki verið búin góð skilyrði í eldinu þann mánuð sem leið á milli sleppinga. Seiðin voru smá og mikið var um að tálknbörð og uggar væru skemmd. Því lengra fram eftir sem farið er með seiði til sleppinga, því mikilvægara er að seiðin séu væn til að tryggja sem best árangur sleppinganna.

Í rafveiðunum á stöðum -1 og 0 kom í ljós að seiðin sem sleppt var í júní höfðu aðlagast nýju umhverfi mjög vel. Þau voru flest 6-8 cm löng, um 1 cm lengri en seiðin sem sleppt var í júlí voru á sama tíma. Á þessum stöðum bar lítið á seiðum úr sleppingunni frá 1990 og þau virðast flest hafa gengið út vorið 1992.

Á svæðinu frá Yxnárfossi og niður að Hrappstöðum var einungis veitt á tveimur stöðum af fjórum sem venja er til að veiða á. Veiðin var heldur minni en oft áður en skilyrði til veiðanna voru sérstaklega erfið, kallt og hvasst. Ekki er ástæða til að ætla annað en að ástandið þarna sé gott. Þau seiði sem veiddust voru í góðum holdum og munu að líkindum flest ganga út næsta vor.

Á stað 4a, rétt fyrir ofan Kolugljúfur, veiddist eitt laxaseiði og tvö önnur sáust sem ekki náðust. Þarna hefur ekki verið sleppt seiðum í mörg ár og því ekki að vænta að mikið veiðist. Þetta sýnir þó að það er einhver gönguseiðaframleiðsla á svæðinu frá Kolugljúfrum og fram að Hrappstöðum frá seiðum sem dreifast niður ána. Það mætti e.t.v. bæta þá framleiðslu eitthvað með mjög dreifðri sleppingu, t.d. 5000 seiðum frá Kolufossi og fram að Hrappstöðum.

Fitjá

Í Fitjá var fyrst sleppt einhverju að ráði á ólaxgeng svæði sumarið 1988. Þessi seiðu gengu sum út sem 2+ 1990, en langflest gengu ekki út fyrr en vorið 1991. Árið 1990 var aftur sleppt á

þetta svæði, þ.e. frá Bjarnafossi og fram fyrir sauðfjárveiki-
varnargirðinguna við Gilhaga. Líklega hafa flest þessara seiða
gengið út vorið/sumarið 1992 þó rafveiðarnar bendi til að ofan
til á svæðinu hafi einhver hluti þessarar sleppingar setið eftir
(stöð -1). Í lok júlí 1991 var sleppt á þetta svæði 14000 mjög
vænum seiðum og má gera ráð fyrir að þau stærstu hafi gengið út
sem 1+ ári síðar. Á stöð 0 veiddust einungis 3 seiði úr þessari
sleppingu, en erfið skilyrði til rafveiða gætu hafa haft áhrif
þar á. Þessi seiði munu að líkindum halda til sjávar næsta vor.

Sumarið 1992 var sleppt 7500 seiðum af Fitjárstofni á svæði fyrir
framan sauðfjárveikivarnargirðinguna. Þetta voru sérlega væn
seiði. Stærð sleppingarinnar takmarkaðist af því að ekki voru
til fleiri seiði af Fitjárstofni í eldisstöðinni.

Kamsbá

Í Kamsbá var sleppt 7000 seiðum 1991 og virðist sleppingin hafa
tekist vel. Seiðin hafa dafnað mjög vel og munu að líkindum
flest ganga út næsta vor. Hlutfall þeirra sem þurfa að dveljast
þriðja árið í ánni fer mikið eftir því hvernig vorar.

VEIÐIN 1992

Veiðin í Víðidalsá 1992 var góð og bati í veiðinni mun meiri en
í nærliggjandi ám. Aukningin einkenndist fyrst og fremst af
mikilli smálaxaveiði. Stór uppeldissvæði í Víðidalsá og Fitjá,
einkum á ólaxgengum svæðum, miðað við nærliggjandi ár er því
helsta orsök þessarar miklu aukningar. Alls veiddust um 1480
laxar, þar af um 1060 smálaxar og 420 stórlaxar. Þetta er þriðja
besta smálaxaveiði í ánni frá því að regluleg skráning veiðinnar
hófst. Best varð smálaxaveiðin 1215 laxar 1988.

Gönguseiðasleppingar voru reyndar í Víðidalsá 1989-91 en heimtur
úr þessum sleppingum hafa verið mjög slæmar og ekki haft teljandi
áhrif á veiðina. Sumarið 1992 var skilað inn sýnum af 9 merktum
smálöxum. Þar af voru 3 úr rúmlega 2000 seiða sleppingu 1991,
tvö úr sleppingum í Gljúfurá, 2 úr Núpsá, 1 úr Fljótaá og ekkert
merki fannst í einu. Eitt sýni af örmerkum stórlaxi var úr
sleppingunni 1990.

Vorið og sumarið 1991 voru mjög hagstæð seiðaframleiðslu í ánni
og ástand seiðastofna á ólaxgengum svæðum var einnig með betra
móti. Aldursgreining hreistursýna er notuð til að meta hlutfall
laxa úr smáseiðasleppingum. Þetta er þó ekki óyggjandi aðferð.
Sýnastaka sumarið 1992 var fremur slök og því liggja einnig færri
sýni til grundvallar þessu mati en æskilegt hefði verið.

Alls bárust sýni af 95 löxum úr Víðidalsá og 48 úr Fitjá.
Niðurstöður aldursgreiningarinnar eru teknar saman í Töflu 2.
Rafveiðarnar 1990 leiddu í ljós að töluverður hluti sleppiseiða
(og líklega mikill meirihluti) frá 1988, einkum í Fitjá, gekk
ekki út fyrr en eftir þriggja ára ferskvatnsdöl, þ.e. vorið
1991. Það getur verið frekar erfitt að greina sleppiseiði frá
náttúrulegum seiðum, einkum þau sem hafa dvalið þrjú ár í fersku

vatni. Í vafaatriðum hafa sýni oftast verið flokkuð sem úr náttúruklaki.

Greining hreistursýna bendir til að í Víðdalsá séu rúmlega 40% smálaxa og stórlaxa úr smáseiðasleppingum. Í Fitjá eru um 50% smálaxa úr smáseiðasleppingum og hefur þorri þeirra dvalið 3 ár í fersku vatni. Hátt hlutfall smálaxa sem rekja má til smáseiðasleppinga í ári þegar smálaxaveiði er með besta móti styrkir enn frekar skoðanir um mikilvægi ólaxgengra svæða fyrir ræktunarstarfið í Víðdalsá.

ÁLYKTANIR

Flest bendir til að gönguseiðaframleiðsla í Víðdalsá geti hafa orðið þokkaleg 1992, þó hún hafi að líkindum dregist nokkuð saman frá því sem var 1991. Framleiðsla á laxgengum svæðum gæti farið heldur versnandi á næstu árum. Það er þó mjög háð tíðarfari og árgangastyrkleika hvernig málin þróast. Við leggjum til að aukin áhersla verði lögð á að nýta ólaxgeng svæði með smáseiðasleppingum næstu árin til að tryggja eins og kostur er áframhaldandi góða veiði í Víðdalsá.

Gönguseiðasleppingar í Víðdalsá 1989-91 hafa skilað óverulegum árangri. Sumarið 1990 og 1991 var sleppt beinni sleppingu og seiðin ekki látin aðlaga í sleppitjörn við ána eins og gert er í Miðfjarðará og Vatnsdalsá þar sem heimtur í veiði hafa verið á bilinu 1-3% þessi sömu ár. Þar hafa gönguseiðasleppingar gegnt mikilvægu hlutverki í ræktunarstarfinu, ekki síst þar sem ráða má nokkru um hvar laxinn veiðist með því að velja sleppistaði. Miðað við þann slaka árangur sem hingað til hefur náðst í Víðdalsá teljum við ekki rétt að leggja mikla áherslu á gönguseiðasleppingar í ræktunarstarfinu. Verði einhverjum sleppingum haldið áfram verður að koma upp góðri sleppiaðstöðu og hirðingu seiðanna þar til þau ganga út. Sleppistað ætti fyrst og fremst að velja með tilliti til hvar í ánni sé sérstök þörf á að bæta veiðina.

Vöxtur seiða á laxgengum svæðum er nú tiltölulega hægur. Að hluta til stafar þetta af fremur köldu árferði 1992 (og 1990). Með lengingu ferskvatnsdvalar fjölgar þeim seiðaárgöngum sem dvelja samtímis í ánni og samkeppni um pláss og fæðu harðnar. Í slíku ástandi er mikilvægt að árgangar verði ekki of stórir. Veiðifélagið ætti í alvöru að huga að því að taka á ný upp starfrækslu gildrunnar í Kolugljúfrum og að stunda kerfisbundinn ádrátt í Fitjá neðanverðri til að reyna að takmarka stærð hrygningarstofnsins.

Tafla 1. Fjöldi veiddra laxaseiða eftir aldri á mismunandi stöðum í Víðidalsá, Fitjá og Kambsá 20.-23. júlí 1992.

Víðidalsá

Fjöldi veiddra laxaseiða á hverja 100 m²

Staður nr	Stærð m	0+	1+	2+	3+/4+
-1	50x10	0.2	-	0.2	-
0	25x10	4.8	-	-	-
1	50x10	-	1.0	-	-
3	45x10	-	2.7	0.4	-
4a	35x10	-	0.3	-	-
5	30x15	-	1.3	3.8	2.9
6	50x15	0.4	1.6	1.5	-
8	35x15	-	2.9	3.6	-
9	20x12	0.4	1.2	0.4	-
10	25x15	-	1.9	1.1	-

Fitjá

-1	22x37	-	-	0.4	-
0	26x18	-	0.6	-	-
1	22x28	-	0.2	0.3	0.7
2	22x30	-	-	-	0.5
3	50x10	-	-	0.2	0.6
4	30x15	-	-	0.4	1.3
5	45x10	1.8	3.8	1.8	1.8
6	35x10	-	1.7	0.9	3.1
7	22x12	-	10.6	4.6	3.8
8	40x10	-	4.5	2.3	3.8
9	30x18	-	3.5	1.9	0.9

Kambsá

0	50x4	-	0.5	-	0.5
1	50x6	-	2.7	-	0.3
2	40x5	-	6.6	-	-
3	40x4	-	4.4	-	-
4	60x5	-	2.3	-	-

Tafla 2. Niðurstöður aldursgreininga á hreistursýnum sem tekin voru af löxum veiddum í Víðidalsá og Fitjá 1992.

Víðidalsá 1992


Fersk- vatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár		2 ár	
	fj.	%	fj.	%
1	1	2	-	-
2	20	32	9	35
3 (úr sleppingum)	4	7	2	8
3	18	30	10	38
4	17	27	5	19
5	1	2	-	-
Samtals	64	100	26	100

Að auki bárust fjögur sýni af smálöxum og þrjú af st'rolöxum sem ekki reyndist unnt að aldursgreina og ein hrygna, 10.5 k, var að ganga til hrygningar öðru sinni. Hún úr smáseiðasleppingu 1986, gekkút sem 2+ seiði 1988 og hrygni 1990.


Fitjá 1992

Fersk- vatns- aldur	Sjávaraldur			
	1 ár		2 ár	
	fj.	%	fj.	%
2	4	14	1	7
3 (úr sleppingu)	10	36	3	20
3	2	7	4	26
4	10	36	6	40
5	2	7	1	7
Samtals	28	100	15	100

Að auki bárust fjögur sýni af smálöxum og eitt af stórlaxi sem ekki reyndist unnt að aldursgreina.








Mynd 1. Rafveiðistaðir í Viðidalsá, Fitjå og Kambsá.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Viðidalsá 20.-23. júlí 1992.

Fjöldi








LENGD /cm

Mynd 2. Framhald



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í raf-
veiðum í Fitjá 20.-23. júlí 1992.






Bildi



Length / cm

Mynd 3. Framhald

Bildi



Lengd

Mynd 4. Lengdar- og aldursdreifing veiddra laxaseiða í rafveiðum í Kambsá 20.-23. júlí 1992.